

Nd.

520. Frumvarp til laga

[210. mál]

um Samvinnubanka Íslands h.f.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heiti Samvinnubanki Íslands h.f. Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja samvinnurekstur landsmanna.

2. gr.

Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 10 millj. króna. Samband ísl. samvinnufélaga skal safna innan sinna vébanda og leggja fram sem hlutafé 10 millj. króna. Ábyrgðarmenn Samvinnusparisjóðsins skulu hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri upphæð núverandi hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Samvinnusparisjóðsins. Innan níu mánaða, frá því að lög þessi taka gildi, skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins, en hafi ofangreindir aðilar þá eigi safnað tilskildu hlutafé, skal stjórn Samvinnusparisjóðsins bjóða út innanlands það, sem á vantar.

3. gr.

Heimili og varnarþing Samvinnubanka Íslands h.f. er í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú.

4. gr.

Samvinnubanki Íslands h.f. skal taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Samvinnusparisjóðsins og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Samvinnusparisjóðsins eignayfirfærsluna.

5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningu á aðalfundi ár hvert. Skal hún skipuð að minnsta kosti þrem aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

6. gr.

Stjórn félagsins ræður bankastjóra, ákveður ráðningarkjör hans og setur honum erindisbréf.

7. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Í samþykktum og reglugerð skal setja nánari ákvæði um félagið og bankann. Skulu þar á meðal vera ákvæði um aukningu hlutfjár, aðiljaskipti að hlutabréfum og endurskoðun á reikningum bankans. Samþykktir og reglugerð bankans (félagsins) skulu vera háð staðfestingu viðskiptamálaráðherra.

8. gr.

Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningum og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu.

9. gr.

Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:

1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja vixla, tékka og aðrar ávísanir.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis-, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg, auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.
6. Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

10. gr.

Bankinn skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptamálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

11. gr.

Bankinn skal njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. gr. laga nr. 11 29. marz 1961.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Bankinn tekur þó ekki til starfa, fyrr en samþykktir hans og reglugerð hafa verið staðfestar af ráðherra og helmingur lofaðs hlutfjár hefur verið greiddur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 14. febrúar s. l. ritaði stjórn Samvinnusparisjóðsins í Reykjavík ríkisstjórninni bréf, þar sem farið var fram á, að ríkisstjórnin flytti frumvarp til laga þess efnis, að sparisjóðnum verði breytt í banka. Með því að starfsemi sparisjóðsins er orðin mjög umfangsmikil og svipaðs eðlis og bankanna, taldi ríkisstjórnin rétt að verða við þessum tilmælum. Hafa farið fram viðræður á milli forráðamanna sparisjóðsins og viðskiptamálaráðuneytisins um efni frumvarpsins. Er frumvarpið í samræmi við óskir forráðamanna sparisjóðsins, en ákvæði þess eru að flestu leyti hliðstæð þeim, sem gilda um Verzlunarbanka Íslands h.f.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þessa að geta:

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að bankanum sé valið hlutafélagsform, enda hentar það best starfsemi slíkrar stofnunar, og sama form og valið hefur verið einkabönkum hér.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að hlutafé félagsins nemi eigi lægri fjárhæð en 10 milljónum króna. Um hugsanlega aukningu hlutafjár verði ákvæði í samþykktum félagsins. Í greininni eru ákvæði um það, hvernig haga skuli hlutafjáröfnun og um forgangsrétt ábyrgðarmanna Samvinnusparisjóðsins til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu. Í greininni er gert ráð fyrir, að Samband ísl. samvinnufélaga skuli safna innan sinna vébanda og leggja fram sem hlutafé 10 milljónir króna. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að ábyrgðarmenn Samvinnusparisjóðsins skuli hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri upphæð núverandi hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Samvinnusparisjóðsins. Ef ofangreindir aðilar hafa ekki tók eða hug á að skrifa sig fyrir þessu hlutafé, innan níu mánaða frá gildistöku laga þessara, skal stjórn Samvinnusparisjóðsins bjóða út innanlands það, sem á vantar.

Um 3. gr.

Þar sem talað er um útibú í greininni, er að sjálfsögðu bæði átt við útibú í Reykjavík og utan hennar.

Um 4. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að Samvinnubanki Íslands h.f. komi að öllu leyti í stað Samvinnusparisjóðsins, þ. á m. er honum ætlað að taka við einstökum sjóðum sparisjóðsins, þar með talin inneign í Tryggingarsjóði sparisjóða og innstæða í Seðlabankanum. Samkvæmt greininni er nægilegt, að meiri hluti ábyrgðarmanna sparisjóðsins samþykki eignayfirfærsluna.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um kosningu stjórnenda og varastjórnarmanna.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um ráðningu bankastjóra og ráðningarkjör, svo og um erindisbréf honum til handa.

Um 7. gr.

Samþykktir félagsins og reglugerð um bankann eru samkvæmt þessari grein háð staðfestingu viðskiptamálaráðherra, sem ætlazt er til að bankinn heyri yfirleitt undir stjórnarfarslega. Þar sem frumvarpið sjálft er stuttort, verður að skipa ýmsum efnum með samþykktum og í reglugerð með svipuðum hætti og gert hefur verið varðandi Verzlunarbancann og Iðnaðarbancann.

Um 8. gr.

Rétt þykir að hafa þetta ákvæði, þar sem það eykur nokkuð tryggingu innstæðueigenda.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er bankanum ætlað að annast öll venjuleg bankastörf, eftir því sem nú tíðkast eða síðar kann að tíðkast.

Um 10. gr.

Ákvæðið er svipað og hliðstæð ákvæði í öðrum bankalögum.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega hliðstæð þeim, sem gilda um Verzlunarbankann.

Um 12. gr.

Gildistökuákvæði þetta stendur að sjálfsögðu í tengslum við ákvæði 2. gr., en þar er mælt fyrir um stofnun Samvinnubanka Íslands h.f.

Rétt þykir að áskilja, að bankinn taki ekki til starfa, fyrr en ráðherra hefur staðfest reglugerð og samþykktir félagsins og helmingur lofaðs hlutafjár verið greiddur.